



Nefndarsvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Tjarnargata 9
101 Reykjavík
umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 15. apríl 2026

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um netöryggi á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni, 571. mál

Samtök iðnaðarins (hér eftir samtökin) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um netöryggisvottun á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni, 571. mál, 157. löggjafarþingi.

Samtökin styðja markmið frumvarpsins um skýra lagaumgjörð og traust á stafrænum lausnum. Samtökin leggja þó áherslu á að við innleiðingu regluverksins verði ekki gengið lengra en þörf krefur, að kostnaðar- og samkeppnisáhrif verði metin af raunhæfni og að stjórnvöld og viðurlagaheimildir verði skýrar og að gætt verði meðalhófs. Sú afstaða var einnig meginkjarni fyrri [umsagnar samtakanna](#).

Samkvæmt 56. gr. reglugerðar (ESB) 2019/881 er netöryggisvottun að meginreglu valfrjál. Sömu nálgun er að finna í greinargerð frumvarpsins, þar sem segir að aðilar sem bjóða vörur, þjónustu eða ferla á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni afli vottunar valkvætt og að engin áform hafi verið birt um almenna vottunarskyldu.

Samtökin leggja áherslu á að þessari meginreglu verði haldið til haga viðáframhaldandi meðferð málsins. Nauðsynlegt er að kveðið sé skýrt á um að frumvarpið feli ekki í sér almenna skyldu til vottunar heldur framkvæmd á valfrjálsum evrópskum ramma, sbr. 56. gr. reglugerðarinnar og 1. gr. frumvarpsins.

Í 4. gr. frumvarpsins kemur fram að kostnaður sem hlýst af útgáfu evrópsks netöryggisvottorðs skuli greiddur af þeim aðila sem óskar netöryggisvottunar. Samtökin telja nauðsynlegt að stjórnvöld meti sérstaklega hvaða áhrif þetta hefur á lítil og meðalstór fyrirtæki. Valfrjálst vottunarkerfi getur í framkvæmd aðeins orðið raunhæfur valmöguleiki fyrir stærri aðila ef allur kostnaður fellur á umsækjendur. Það getur dregið úr samkeppni og hamlað þátttöku lítilla fyrirtækja í útboðum og alþjóðlegum viðskiptum.

Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að með breytingarreglugerð (ESB) 2025/37 verði gildissvið reglugerðarinnar víkkað þannig að það nái einnig til öryggisþjónustuveitenda, þ.e. *managed security services providers*. Þetta er atriði sem samtökin bentu sérstaklega á í fyrri umsögn sinni og leggja á ný áherslu á mikilvægi þess að tekin sé afstaða til. Meta þarf sérstaklega efnahagsleg og samkeppnisleg áhrif þessarar þróunar á lítil íslensk fyrirtæki sem veita öryggisþjónustu.



Í 5. gr. frumvarpsins er Fjarskiptastofu veitt heimild til að krefja tiltekna aðila um upplýsingar og gögn, gera úttektir, rannsóknir, prófanir og vettvangsskoðanir, mæla fyrir um úrbætur, beita viðurlögum og krefjast afturköllunar vottorða.


Þessar heimildir byggja á 58. gr. reglugerðar (ESB) 2019/881, einkum 7. og 8. mgr., þar sem fjallað er um hlutverk og lágmarksvaldheimildir landsbundinna netöryggisvottunaryfirvalda. Samtökin telja mikilvægt að við þinglega meðferð verði skýrt afmarkað hvernig þessum heimildum verði beitt, þannig að fyrirtækjum sé ljóst hvaða kröfur verði gerðar, hvaða gögn kunni að verða kölluð eftir og með hvaða hætti meðalhófs verði gætt.

Í 12. gr. frumvarpsins er kveðið á um dagsektir allt að 1.000.000 kr. á dag. Í 13. gr. frumvarpsins er kveðið á um stjórnvaldssektir frá 10.000 kr. til 10.000.000 kr. eða allt að 4% af heildarveltu síðasta rekstrarárs, ef það leiðir af sér hærri fjárhæð. Reglugerðin sjálf kveður á um að aðildarríki setji reglur um viðurlög og að þau skuli vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa letjandi áhrif, sbr. 65. gr. reglugerðarinnar. Í greinargerð frumvarpsins kemur jafnframt fram að fjárhæðarviðmið sekta séu landsbundin útfærsla.

Samtökin telja því mikilvægt að skýrt verði við þinglega meðferð að beiting dagsekta og stjórnvaldssekta verði bundin meðalhófi, fyrirsjáanleika og skýrri málsmeðferð. Sérstaklega þarf að horfa til þess að ákvæðin geta haft veruleg áhrif á smærri fyrirtæki.

Í fyrri umsögn samtakanna var lögð áhersla á að við innleiðingu evrópsks regluverks yrði ekki gengið lengra en regluverkið sjálft mælir fyrir um og að frávik frá lágmarkskröfum yrðu að vera sérstaklega rökstudd. Samtökin ítreka þá afstöðu. Gæta verður að því að íslensk fyrirtæki, einkum í upplýsingatækni og fjarskiptum, verði ekki sett í verri samkeppnisstöðu en fyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins að öðru leyti.

f.h. Samtaka iðnaðarins



Gunnar Sigurðarson,

Viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði Samtaka iðnaðarins